

2.9.2013 - - Fundur nr. 333 - Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2013, mánudaginn 2. september var haldinn 333. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgar-svæðisins. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi og hófst kl. 08.40.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Egill T. Jóhannsson og Hörður Þorsteinsson

Theódór Kristjánsson boðaði forföll.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri, Andrés B. Andreason fjármálastjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. í dag um troðarakaup og sýndar myndir af troðara sem til stendur að kaupa.

kl. 09:00 kom Jón Haukur Ingvason á fundinn.

2. Lagt fram bréf SSH dags. 20. ágúst sl. vegna samstarfssamnings sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna. Stjórnin var sammála drögunum í flestum meginatriðum og fól framkvæmdastjóra ÍTR að koma ábendingum á framfæri við SSH.

Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR sat fundinn undir þessum líð.

3. Lagt fram rekstraryfirlit janúar - júní.

4. Lagður fram árshlutareikningur janúar - júní.

5. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun 2014.

6. Fulltrúi Seltjarnarnesbæjar með fyrirspurn um hvernig neyðarlýsingu er háttað í Bláfjöllum. Fram kom að hún er ekki til staðar.

Fundi slitið kl. 09.50.

Eva Einarsdóttir

Hörður Þorsteinsson Jón Haukur Ingvason
Egill T. Jóhannsson